

## **6. Frumvarp**

til laga um sameining yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

### 1. gr.

Yfirskjalavarðarembættið við þjóðskjalasafnið og landsbókavarðarembættið skulu sameinast þegar annaðhvort eða bæði losna og því verður viðkomið. Hið sameinaða embætti nefnist landsbókavarðarembætti, og er launað samkvæmt launalögunum.

### 2. gr.

Jafnframt og sameiningin fer fram eru úr gildi númerin lög um þjóðskjalasafn Íslands, 3. nóv. 1915, 2. gr.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frumvarp að efni til eins og þetta lagði stjórnin fyrir síðasta Alþingi, en frumvarpið var þá felt í neðri deild með 13 atkvæðum gegn 11. Í umræðum þeim sem fóru fram um málið virtist stjórninni ekki færðar þær ástæður fram, sem réttlætti þessa meðferð málsins. Telur stjórnin enn sem fyr að einum manni sje ekki ofvaxið að hafa á hendi yfirstjórn beggja safnanna. Auk þess verður því ekki neitað að hjer er um skyld störf að ræða, enda nú í landsbókasafninu ýms stórmerk handrit. Þá er og augljóst, að samsteypan hefur í för með sjer sparnað, og verður að leggja áherslu á það, að reynt sje að fækka opinberum starfsmönnum eftir því sem við verður komið á öllum sviðum.